

1864.

8. marz.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aukaútsvar af ýmsum opinberum húsum í Reykjavík m. m.

Í bréfi 4. nóvemberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, eptir tilhlutun stjórnarráðsins sagt álit yðar um skjal nokkurt, er hafði verið sent beina leið hingað. Með tilliti til þess, að því er lýst yfir í bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. febrúar f. á., að ekki sé heimild fyrir því í lögum að jafna aukaútsvari á ýms opinber húsum í Reykjavík, auk lóðarskatts; hafði bæjarstjórnin í greindum kaupstað í skjali þessu bæði kvartað yfir því, að þér ekki hefðuð gefið sér færi á að segja álit sitt um málið áður en það var lagt undir úrskurð stjórnarráðsins, sem hún hyggur hefði átt að vera gjört samkvæmt reglugjörð 27. nóvemberm. 1846 21. gr., og einnig um sjálft efni málsins leitast við að færa ástæður fyrir skoðun, er fer í gagnstæða átt við það, sem stjórnarráðið hafði álitit; þessi skoðun bæjarstjórnarinnar styðst við ýms bréf frá rentukammeri og kanselli, og einkum eitt bréf frá kirkju- og kennslustjórninni frá 23. desemberm. 1856, en í því bréfi á að hafa verið játað, að lögmætt væri að jafna á latínuskólann slíku aukaútsvari, sem hér er um rætt.

Um leið og dómsmálastjórnin fyrst og fremst getur þess, að í 21. grein í reglugj. 27. nóvemberm. 1846 er rætt um tilfelli, sem allt öðruvísi er varið, en því, sem hér er umtalsmál, og að sú lagagrein þessvegna ekki getur átt hér við, skal yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það, að úrslit þau, sem málefni þetta hefir fengið við bréf stjórnarráðsins 28. febrúarm. f. á., eiga óbreytt að standa, og skal nú farið nokkrum orðum um þetta efni. Í reglugjörðinni frá 27. nóvemberm. 1846, 19. grein, er svo að orði kveðið: „og er sú skipan þar á gjörð, að þriðjungi þess fjár, sem þarf til útgjalda bæjarstjórnarinnar, verður jafnað niður á byggingar bæjarmanna, fyrst um sinn eptir þeim jöfnuði, er í slíku hefir áður verið við hafður, en hinum tveim þriðjungum, ásamt því fè, er þarf til þeirra málefna, sem stjórn hafa sér, verður skipt niður eptir efnum og ástandi á alla, er búa í

1864.

8. marz.

landeign kaupstaðarins", og er það ljóst af því, sem berlega er sagt í ákvörðun þessari, að engu öðru tillagi til bæjargjalda verður jafnað á hús, hvort sem þau eru eign hins opinbera eður einstakra manna, en því, sem fellur á hvert hús af þeim þriðjungi, sem hér er um rætt, af því, sem ætlazt er til að fari til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Eigi verður heldur haft neitt tillit til rentukammerbréfa og kansallíbréfa þeirra, sem bæjarstjórnin hefir vitnað til, til styrkingar hinna gagnstæðu skoðun á málinu, þó ekki væri af öðru, þá samt þess vegna, að þau eru eldri en reglugjörðin frá 1846. En hvað þvínæst snertir áðurgreint bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar, þá sèst það bæði af bréfinu sjálfu og einkum af því, sem fram fór í málinu áður en það kom út, að stjórnarráðið þá ekki átti að leysa úr annari spurning en þeirri, hvort hús latínuskólans sem eign ríkissjóðsins bæri að telja með „kaupstaðarhúsum" í 19. grein reglugjörðarinnar, og hvort skylt væri yfir höfuð að greiða af því nokkurt tillag til bæjargjalda eður ekki.

Þarsem sjá má af bréfi yðar, herra stiptamtmaður, að bæjarstjórnin, þá er heimtuð voru bæjargjöldin árið sem leið, ekki hefir tekið til greina úrskurð stjórnarráðsins um þetta efni í optnefndu bréfi þess 28. febrúarm. f. á., skal því að endingu við bætt, að stjórnarráðið efast ekki um, að þér sjáið svo um, að ekki verði hèreptir jafnað neinum bæjargjöldum, sem eigi er heimild fyrir, á opinber hús í Reykjavík.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kaupstaðarlóð á Borðeyri og leigu eptir hana.

12. marz.

Í bréfi 22. októberm. 1861 hafid þér, herra amtmáður, skýrt frá, að hlutaðeigandi sýslumaður hafi árið 1861 með þrem útmælingargjörðum mælt út lóð til að byggja á sölubúðir fyrir þá Guðmund Einarsson, Þorlák O. Johnsen, og Hans A. Clausen, agent, á jörðinni Borðeyri, sem heyrir til Strandasýslu